

Íþróttafélagið Ármann

Siða- og starfsreglur



Efnisyfirlit

I. Gildissvið	3
II. Siðareglur Ármanns	3
1. Grein. Frumskylda	3
2. Grein. Samskipti.....	3
3. Grein. Jafnræði.....	3
4. Grein. Trúnaður.....	4
5. Grein. Áreiðanleiki.....	4
III. Reglur um hegðun	4
i. Almenn.....	4
ii. Foreldri/forráðamaður.....	5
iii. Iðkandi (yngri).....	5
iv. Iðkandi (eldri)	6
v. Þjálfari.....	7
vi. Stjórnarmaður/starfsmaður.....	8
vii. Dómarar	8
viii. Stuðningsmaður	9
IV. Önnur ákvæði	9
a) Agamál	9
b) Fræðslu og forvarnarstarf.....	10
c) Einnelti	10
d) Jafnréttismál	11

I. Gildissvið

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðahaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

Siðareglur þessar eiga við alla þá sem starfa fyrir og undir merkjum félagsins svo sem iðkendur og allir þeir sem koma að íþróttum í leik og starfi. Hlutverk þeirra er að efla þann félagsanda sem á að vera ríkjandi í félaginu. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi í senn. Kynna skal þær í öllum deildum félagsins. Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði af ýmsum gerðum.

II. Siðareglur Ármanns

Siðareglur þessar gilda fyrir alla félagsmenn sem til lengri eða skemmri tíma starfa fyrir félagið. Siðareglunar gilda fyrir alla starfsemi í nafni Ármanns jafnt í húsnæði félagsins sem utan þess.

Stjórnendur Ármanns fylgja verklagsreglum ÍBR varðandi ráðningu starfsmanna, þjálfara og annarra sem koma að starfi félagsins og kynna siðareglunar fyrir þeim og iðkendum.

1. Grein. Frumskylda

Félagsmenn hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi í orðum og athöfnum og eru félaginu til sóma í öllu starfi á þess vegum.

2. Grein. Samskipti

Félagsmenn bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, búningi félagsins, umhverfi og mannvirkjum. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

3. Grein. Jafnræði

Félagsmenn stuðla að jöfnum tækifærum félagsmanna og mismuna ekki vegna kyns,

kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana eða annarrar stöðu.

4. Grein. Trúnaður

Félagsmenn gæta trúnaðar gagnvart einstaklingum um atriði sem þeir verða áskynja í starfi eða við iðkun hjá félaginu. Þeir gæta þess að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi og að aðgengi að slíkum upplýsingum takmarkist af því.

5. Grein. Áreiðanleiki

Félagsmenn misnota ekki aðstöðu sína í þágu einkahagsmuna. Félagsmenn veita engum sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla.

III. Reglur um hegðun

i. Almennt

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnsmálaskoðanir.
4. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
5. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
6. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
7. Þiggðu aldrei mútur.
8. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf

ii. Foreldri/forráðamaður

Hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum og ekki þvinga það.
3. Hrósa öllum iðkendum á meðan æfingu, leik eða keppni stendur, ekki aðeins þínu barni. Hvetja bæði þegar vel gengu og þegar á móti blæs. Ekki gera grín að barni né hrópa að því ef mistök eiga sér stað.
4. Vera börnum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteisi.
5. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á æfingu eða keppni stendur.
6. Líta á dómarrann sem leiðbeinanda, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
7. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu, því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
8. Spyrja barnið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
9. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
10. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.

iii. Iðkandi (yngri)

Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
3. Taka þátt í íþróttum ánægjunnar vegna en ekki vegna þess að foreldrar/ forráðamenn þínir eða þjálfari vilja það.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.

6. Þræta ekki eða deila við dómarrann.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Mæta á réttum tíma á æfingar, keppnir eða annað sem viðkemur féluginu.

iv. Iðkandi (eldri)

Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum.
3. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og taka aldrei áhættu varðandi heilsu þína með því að neyta ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.
4. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna mótsins.
5. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
6. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
7. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
8. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, hvort sem þú ert á æfingu eða keppni hjá féluginu eða ekki, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
9. Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
10. Forðast nán samskipti við þjálfara þinn.
11. Bera ávallt virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.

v. Þjálfari

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu. Hafðu í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
5. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
6. Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum
7. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
8. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
9. Talaðu alltaf gegn neyslu áfengis, tóbaks og notkun ólöglegra lyfja.
10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
12. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
13. Berðu virðingu fyrir foreldrum iðkenda, því þeir bera hagsmuni barna sinna fyrir brjósti.
14. Viðurkenndu og berðu virðingu fyrir ákvörðunum sem stjórn félagsins/deildar tekur sem snýr að þér.
15. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
16. Beittu aldrei kynferðislega áreitni og forðastu náið samband við iðkanda þinn. Forðstu að koma þér í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
17. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á keppni né æfingar, nema með samþykki foreldra/forráðamanna.
18. Sinnstu iðkendum á æfingum, en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
19. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði innan og utan æfingatíma

og í keppni.

20. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
21. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.

vi. Stjórnarmaður/starfsmaður

1. Stattu vörð um félagsanda og gildi félagsins og sjáðu um að hvoru tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk líkamlega og andlega.
8. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsskilaaðferðum.
9. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.
10. Taktu og beittu gagnrýni á jákvæðan hátt.

vii. Dómarar

1. Mismunaðu ekki aðilum.
2. Settu öryggi og heilsu iðkandans fram yfir allt annað.
3. Sýndu iðkendum, þjálfurum og öðrum sem koma að íþróttinni virðingu.
4. Taktu ávallt ábyrgð á ákvörðunum þínum.
5. Leitaðu þekkingar og fylgstu með þróun íþróttarinnar.
6. Forðastu notkun niðrandi ummæla, upphrópanna og blótsyrða í tengslum við íþróttir.

7. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni og prólítískum eða trúarlegum skoðunum.
8. Misnotaðu aldrei stöðu þína sem dómari.

viii. Stuðningsmaður

1. Hrósaðu liðinu liðinu þínu á jákvæðan hátt.
2. Forðstu niðrandi ummæli.
3. Forðastu neikvæða hegðun í keppnum, ölvun og ólæti.
4. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og starfsmanna.
5. Berðu virðingu fyrir andstæðum Ármanns.

IV. Önnur ákvæði

a) Agamál

1. Íþróttafélagið Ármann leggur mikla áherslu á að iðkendur, þjálfarar og foreldrar séu félaginu til síma í öllu því sem þeir gera í nafni félagsins
2. Komu upp mál sem geta haft neikvæð áhrif á starfið skal þeim vísað til eftirfarandi aðila:
 - a. Atriðið er varða foreldra: Unglingaráð viðkomandi deildar.
 - b. Atriði er varða þjálfara: Yfirþjálfara viðkomandi deildar.
 - c. Atriði er varða iðkendur: Þjálfarar
3. Ef ekki tekst að leysa ágreiningsefni með þessum hætti skal þeim vístað til íþróttafulltrúa félagsins til umfjöllunar.
4. Mjög alvarleg brot eru tekin fyrir af aðalstjórn félagsins.

b) Fræðslu og forvarnarstarf

1. Íþróttafélagið Ármann hvetur alla iðkendur sína að temja sér heilbrigt lífverni og taka þátt í íþróttastarfi eins lengi og þeir geta, hvort sem um er að ræða keppni, stjórnunarstörf eða annað innan félagsins.
2. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins.
3. Íþróttafélagið Ármann mun eftir fremsta megni taka þátt í að aðstoða foreldra og iðkendur er kunna að rata á ranga braut.
4. Lögð er mikil áhersla á að fylgja eftir stefnuryfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni.
5. Lögð er áhersla á að þjálfarar og félagsfólk okkar taki þátt í að vinna gegn notkun áfengis, tóbaks og fíkniefna og ólöglegri lyfjanotkun, séu vakandi fyrir þeim einkennum sem slíkri notkun fylgi.
6. Íþróttafélagið Ármann leggur áherslu á að eldri iðkendur félagsins og þjálfarar séu fyrirmynd fyrir yngri iðkendur okkar og þeir hvorki reyki eða noti munntóbak á Íþróttasvæðinu.

c) Einelti

1. Einelti er ekki liðið í starfi félagsins og er markmið okkar að öllum líði vel.
2. Einelti er samfélagslegt vandamál og þess vegna bera allir ábyrgð á því. Allir eru skyldugir að bregðast við því ef grunur vaknar um að einhver sé lagður í einelti.
3. Bregðast skal sem fyrst ef grunur vaknar um einelti og skal það strax sett í ferli.
4. Öll eineltismál skal vinna með aðgerðaráætlun félagsins um einelti í huga.

d) Jafnréttismál

1. Það er stefna félagsins að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins
2. Allir einstaklingar innan félagsins skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð trúarbrögðum og kynþætti.
3. Mikilvægt er að koma í veg fyrir fordóma og skal líta öll slík mál alvarlegum augum.